

# Nesfréttir

DESEMBER 2019 • 12. TBL. • 32. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



**MATAR-BOÐ**

- 2 STÓRAR PIZZUR AF MATSEDLI
- 2 MEDLÆTI AÐ EIGIN VALI
- 2 SÓSUR AÐ EIGIN VALI
- 2 L. GÖS

**AÐEINS 5.990 KR.**

*Gleðileg jól*

1. des hátíð Valhúsaskóla fór fram á dögunum. Á meðal skemmtiatriða var Söngleikurinn Mamma Mía undir leikstjórn Lalla töframanns. Sýningin var stórskemmtileg og áhorfendur fögnuðu dátt. Sjá nánar á bls. 10.

**Hard Rock CAFE**  
REYKJAVÍK

**HÁDEGISTILBOÐ**  
★★★★★

**kr. 1.490.-**

**Happajól!**

MEÐ: **GLEÐILEG JÓL**

**HAPPA BRENNAN**  
Stemmtíngi og húsi

- Viðtal við  
Skafta Harðarson  
- bls. 12-14

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIÐISTORGI  
**HAGKAUP**

SELTJARNARNESBÆR

[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

**Haga-  
vagninn**

- Hofsvallagata 52 -



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka



# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðstorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

## Leiðari

### Meiningarmunur í meirihlutanum

Meiningarmunur er í meirihluta bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar í afstöðu til samkomulags um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir að um gríðarlega samgöngubót sé að ræða sem til lengri tíma litið muni styðja við fleiri valkosti fólks til búsetu hvar sem væri á höfuðborgarsvæðinu.

Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar er á allt öðru máli. Hann segir að ekkert heildstætt umferðarlíkan liggja fyrir, ekkert arðsemismat sé á verkefnum og engin forgangsröðun þegar framúrkeyrslur hefjist.

Munurinn á málflutningi bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar virðist einkum sá að á meðan bæjarstjóri horfir á heildarmyndina á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar einblínir forseti bæjarstjórnar á kostnaðartölur.

Vegna fjölgunar fólks á höfuðborgarsvæðinu og vaxandi umferð af þeim sökum þarf að finna lausnir. Greiða þarf fyrir umferð hvort sem hún á sér stað í einkabílum eða öðrum samgöngutækjum.

Fram að þessu hefur flest snúist um einkabílinn sem samgöngutæki. Nú bendir flest til að notkun almenningsgangna muni fara vaxandi á komandi árum. Sú breytinga sem er fyrirsjáanleg mun taka tíma. Hún kostar breytta hugsunarhátt og ef til vill breytt skipulag á daglegu lífi fólks og ferðum þess.

Íafstöðu bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar virðist kristallast mismunandi afstaða til fjölbreyttra samgönguhátta og einkabílsins. Þar er meiningarmunur á ferð.



## Seltjarnarnesbær sýknaður

- af kröfu ríkisins vegna lækningaminjasafnshússins

Seltjarnarnesbær þarf ekki að greiða fyrir húsið sem kennt er við Lækningaminjasafn á Seltjarnarnesi. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað bæjarfélagið af kröfu ríkisins um greiðslu 102 milljóna króna vegna byggingar hússins. Er þar um að ræða framlag úr ríkissjóði ásamt vöxtum sem greitt var eftir að samkomulag varð um að ríkið, Seltjarnarnesbær, Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur byggðu umrætt hús á Seltjarnarnesi. Hafist var handa við byggingu þess fyrir rúmum áratug en henni hefur ekki verið lokið.

Í samningi Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur og íslenska ríkisins var kveðið á um að félögin og ríkið myndu leggja til samtals 225 milljónir króna til þess að byggja lækningasafn við Seltjörn. Seltjarnarnesbær átti að leggja til 110 milljónir króna og bera ábyrgð á rekstrinum. Síðar kom í ljóst að byggingin yrði

mun dýrari en áætlað hafði verið. Seltjarnarnesbær tilkynnti mennta- og menningarmálaráðherra í lok árs 2012 að bæjarstjórnin hefði ekki áhuga á að endurnýja samninginn og óskaði eftir því að ráðuneytið tæki yfir rekstur lækningaminjasafnsins frá 1. janúar 2013. Bærinn óskaði einnig eftir því að ræða við ráðuneytið um nýtt hlutverk fyrir bygginguna.

Eftir það gerði íslenska ríkið kröfu um að Seltjarnarnesbær endurgreiddi ríkisframlagið með vöxtum. Vísaði var til ákvæðis í samningnum um greiðslur bæjarins ef hann leysti húsið til sín og hygðist nota það til annars en undir rekstur lækningaminjasafns. Bæjarstjórn Seltjarnarness neituðu þessar kröfu á þeirri forsendu að bæjarfélagið hafi aldrei leyst húsnæðið til sín þótt bæjarfélagið hafi auglýst það til sölu á liðnu ári. Málið fór fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem nú hefur sýknað Seltjarnarnesbæ af kröfu ríkisins.

Bestu óskir um glæðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



www.systrasamlagid.is

Kjötkompaní

NAUTALUND  
**WELLINGTON**

*Munið að þanta tímanlega*

[kjotkompani.is/jolin](http://kjotkompani.is/jolin)

*Hafnarfjörði & Grandá*



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



## Samkomulag um samgöngumál samþykkt á Seltjarnarnesi

- um gríðarleg samgöngubót segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri

Samkomulag um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu var til síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar í liðinni viku. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri lagði að bæjarstjórn samþykkti samkomulagið. Hún sagði að um gríðarlega samgöngubót væri að ræða sem til lengri tíma litið mundi styðja við fleiri valkosti fólks til búsetu hvar sem væri á höfuðborgarsvæðinu. "Í þessu samkomulagi hefur verið undirstrikað mikilvægi uppbyggingar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu út frá öryggissjónarmiðum," sagði Ásgerður.

Ásgerður benti einnig á og lýsti ánægju með að samkomulagið geri m.a. ráð fyrir framlengingu á gildistíma tilraunaverkefnis til eflingar almennings-samgangna til 12 ára og að í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða verði horft til uppfærðra rekstraráætlana almennings-samgangna á höfuðborgarsvæðisins þar á meðal um rekstur Borgarlínu. Mikilvægt sé að þátttaka ríkisins verði tryggð að verkefninu allt tímabilið. Bæjarstjórn samþykkti samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum sem bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar undirritaði þann 26. september 2019 með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Magnús Örn Guðmundsson  
forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar

## Samgöngu-samkomulagið er óútfært mál

Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar greiddi einn atkvæði gegn samkomulagi um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu á fundi bæjarstjórnar í liðinni viku. Magnús benti á að vandamálið sé að ekkert heildstætt umferðarlíkan liggja fyrir, ekkert arðsemismat sé á verkefnum og engin forgangsröðun þegar framúrkeyrslur byrja. Jafnframt sé ekki skýrt fjallað um það hvernig leyst verður úr framúrkeyrslum milli samningsaðila.



Magnús Örn Guðmundsson.

"Ég var einn bæjarfulltrúa á móti þessu enda algjörlega óútfært mál. Ég tel mig hafa fært góð rök fyrir mínu máli í bókun minni. Ég er talsmaður almennings-samgangna og sit sem varamaður í stjórn Strætó. En þetta mál hefði þurft að ígrunda mikið mun betur. Ég hef mestar áhyggjur af framúrkeyrslu, t.d. af þeirri staðreynd að uppkaupt á landi eru ekki með í áætlunum. Þannig þarf Borgarlínu að vera í sama plássi og nú og sem þýðir færri akreinar fyrir bíla eða að kostnaðurinn verði miklu mun meiri. En að versta við planið allt er að reksturinn er algjörlega óútfærð stærð, en gera má ráð fyrir að tíðni ferða verði langtum um meiri en hjá Strætó og kostnaðurinn jafnvel vel yfir 10 milljarða árlega. Málið er ekki óumdeilt, og ég benti á að í Borgarstjórn fór málið 11-12, og þar bókuðu Píratar sérstaklega. Það eru talsmenn Borgarlínu innan XD hópsins í Borgarstjórn en eins og í þeirra bókun stendur vantar mikið uppá undirbúninginn. Rétt eins og ég hef varað við. Svo er hinn leggurinn algjörlega eftir, það er framkvæmd veggjaldanna," sagði Magnús Örn í samtali við Nesfréttir.

### 122 milljarðar til 2033

Í bókun Magnúsar á fundum segir meðal annars að samkomulagið hljóði uppá rúmlega 122 milljarða fram til ársins 2033. Í því samhengi sé vert að minna á að ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu greiða nú þegar um fimm milljarða árlega með rekstri Strætó eða um 75 milljarða yfir sama tíma og þetta samkomulag nær yfir. Hlutfall þeirra sem nota Strætó hefur í meira en áratug mælst 4%. Fyrirséð er að rekstur Borgarlínu muni kosta mun meira, jafnvel margfalt meira. Sveitarfélögin munu sitja uppi með þann reikning, enda hefur ríkið gefið það út að það muni ekki koma að rekstri Borgarlínu.



KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bil.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang [tjon@tjon.is](mailto:tjon@tjon.is)  
[www.tjon.is](http://www.tjon.is)

ER STYTTIST TIL JÓLA — HRINGDU Í JÓA

# OPIÐ FYRIR PANTANIR

## HÁTÍÐAR GJAFAKÖRFUR

Nú er tíminn til að panta osta- og sælkerakörfurnar fyrir hátíðarnar. Hver karfa inniheldur handvalið úrval af ostum og öðru góðgæti — allt eftir þínum óskum. Körfurnar eru fáanlegar í ýmsum stærðum og gerðum, en nú getur þú einnig valið á milli hefðbundinnar ostakörfu eða pappaðöskju. Öskjurnar eru bæði endurunnar og endurvinnanlegar. Gómsætt fyrir þig og gott fyrir umhverfið.

## VEISLUÞJÓNUSTA

Þegar líða fer að veislu erum við hjá Ostabúðinni til þjónustu reiðubúin. Við bjóðum upp á fjölbreytta veisluþjónustu, hvort sem þú kýst ostabakka og snittur eða fullbúna veislumáltíð. Fáðu sent heim eða njóttu þess að láta stjarna við þig í glæsilegum veislusal Ostabúðarinnar á Granda — allt eftir þínum óskum.

Nánari upplýsingar á [ostabudin.is](http://ostabudin.is)  
eða í síma 562 2774. Við hlökkum til að heyra í þér.



# Kennarar felldu niður kennslu

- í mótmælaskyni við málflutning bæjarfulltrúa

**K**ennarar í Valhúsaskóla felldu niður kennslu í sjöunda til tíunda bekk á mánudag í liðinni viku. Ástæða þess var óánægja vegna framgöngu kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn. Mikil gremja varð meðal kennara vegna framgöngu bæjarfulltrúa sem hafa gagnrýnt Grunnskóla Seltjarnarness opinberlega vegna námsmats nemenda í 10. bekk sem útskrifuðust í vor.

Í ályktun kennarafundar grunnskólans er lýst vanþóknun á þeim ummælum og vinnubrögðum sem bæjarfulltrúar meirihlutans og Viðreisnar/Neslistans sem fram komu í beinni útsendingu frá bæjarstjórnarfundi 27. nóvember. Kennarar telja að í umræðum á fundinum og bókunum hafi gróflaga verið vegið að heilindum, fagmennsku og starfsheiðri stjórnenda og kennara skólans. "Stjórnendur og kennarar Grunnskóla Seltjarnarness hafa alltaf verið tilbúnir til að vinna með faglega gagnrýni. Þær fullyrðingar sem fram komu á fundinum og í fundargerð hafa þann eina tilgang að grafa undan skólastarfi og trausti til skólasamfélagsins."

## Bæjarfulltrúar segjast bera traust til skólans

Í ályktun meirihluta bæjarstjórnar frá umræddum bæjarstjórnarfundi segir meðal annars að harma beri þann ágreining sem upp kom um námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness og lokamat 10. bekkjar sl. vor og eru nemendur og foreldrar beðnir afsökunar á því tilfinningalega tjóni og óþægindum sem það kann að hafa valdið. Meirihluti bæjarstjórnar leggur mikla



Valhússkóli.

áherslu á að námsmat og vinnsla þess standist lög og reglur. Þrír fulltrúar Samfylkingarinnar harma framgöngu stjórnmalamanna í opinberri gagnrýni sinni á Grunnskólann. Þeir lýsa jafnframt fullu trausti á skólann og skólastjórnendur hans. Á Facebooksíðu segir að þau orð sem fallið hafa um að skólinn fái fallelkunn og að kennarar í Grunnskóla Seltjarnarness hvetji hvorki né styðji við nám barna á Seltjarnarnesi eiga við engin rök að styðjast. Karl Pétur Jónsson, bæjarfulltrúi Viðreisnar/Neslista, kvaðst bera fullt traust til skólans en að við námsmat hefði hann fengið fallelkunn. Það væri þó ekki endir alls heldur til marks um að skólafólk þyrfti að bæta þann hluta starfsins. Hann kvaðst bera fullt traust til skólans.

## Menntamálaráðuneytið óskaði afstöðu

Forsaga málsins er að við skólaslit Grunnskóla Seltjarnarness

í júní 2019 kom upp áhöld um hvernig staðið hafi verið að námsmati í skólanum og lokamati 10. bekkjar. Nokkrir foreldrar höfðu þá samband við fræðslustjóra og formann skólanefndar vegna málsins og lögðu fram upplýsingar sem gáfu tilefni til að taka það til frekari skoðunar. Seltjarnarnesbærst síðan um miðjan júlímánuð bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem kvörtun hafði borist um að skólinn fylgdi ekki matsviðmiðum aðalnámskrár við einkunnagjöf við lok 10. bekkjar. Ráðuneytið óskaði eftir afstöðu sveitarfélagsins til erindisins auk þess að óska sérstaklega eftir upplýsingum um með hvaða hætti unnið er að námsmati með tilliti til mats- og hæfniviðmiða á grundvelli aðalnámskrár af hálfu Grunnskóla Seltjarnarness.

## Fagaðili fenginn til verks

Formaður skólanefndar og fræðslustjóri höfðu þá þegar lagt

til að leitað yrði til óháðs fagaðila um skoðun á því hvernig staðið var að námsmati við skólann, sérstaklega með tilliti til mats- og hæfniviðmiða. Til verksins var fengin Erna Ingibjörg Pálsdóttir, skólastjóri Álftanesskóla sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á námsmati og vinnslu þess.

## Unnið með breytt verklag

Í undirbúningi fyrir yfirstandi skólaár í Grunnskóla Seltjarnarness var sérstaklega unnið með breytt verklag við námsmat og áherslur sem líta þarf til í því sambandi. Auk þess sem skólastjórnendur vinna nú að því að setja skólanum námsmatsstefnu og verður greinargerð um námsmat höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu. Fræðslustjóri mun á skólaárinu fylgjast með framvindu námsmatsvinnu við Grunnskóla Seltjarnarness og vinna samantekt til skólanefndar í lok þess.

# SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALTFISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243  
OPID MÁN - FIM KL. 10 - 18:30  
FÖSTUDAGA KL. 10 - 18



SELTJARNARNESBÆR

# KJÖR ÍPRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2019 FER FRAM FIMMTUDAGINN 30. JANÚAR 2020 Í FÉLAGSHEIMILI SELTJARNARNESS KL. 17:00

**Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.**

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann eða konu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands.

Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundanefndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar. Eingöngu er unnið úr tilnefningum.

**Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það sem þarf að koma fram er:**

- Nafn, kennitala, heimili og sími.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is) fyrir 5. janúar 2020.

**Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi**

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótt- og tómstundanefndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á þar til gerðum eyðublöðum á heimasíðu bæjarins eða á póstfangið [haukur@seltjarnarnes.is](mailto:haukur@seltjarnarnes.is).

Með öllum umsóknum skal leggja fram greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns- og konu Seltjarnarness.

**RECARO**  
Barnabílstólar í úrvali



**BÍLASMIDURINN HF**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

## Lionsklúbburinn gefur hljóðkerfi



Lionsklúbbur Seltjarnarnes færði Seltjarnarneskirkju að gjöf nýtt hljóðkerfi fyrir kirkjuna í guðsþjónustu 24. nóvember, kerfið hefur þegar verið tekið í notkun.

Bragi Ólafsson formaður afhenti Guðmundi Einarssyni formanni sóknarnefndar kerfið formlega og gjafabréf því til staðfestingar. Á myndinni eru Bragi Ólafsson formaður Lionsklúbbsns og Guðmundur Einarsson formaður safnaðarstjórnar.



Hér má sjá fyrirhugaðar breytingar.

## Breytingar á umferð um Eiðistorg

### - betri gönguleiðir og bætt umferðaröryggi

Nú liggur fyrir tillaga að breytingu á svæðinu við Eiðistorg sem hefur það að markmiði að bæta umferðaröryggi og aðgengi skólabarna og annarra vegfarenda um og við torgið. Ráðist var í breytingarnar í ljósi fjölda ábendinga íbúa bæjarins. Skipulags- og umferðarnefnd hefur í samráði við umhverfissvið Seltjarnarnesbæjar og umferðar- og samgönguverkfærðing hjá VSÓ Ráðgjöf unnið að útfærslu til að bæta öryggi gönguleiða um og við Eiðistorg. Útfærslan var einnig unnin í samráði við hagsmunaaðila Eiðistorgs 11 til 17.

Fyrirhugaðar breytingar um og við Eiðistorg eru að Suðurmýri verður einstefnugata til norðurs frá gatnamótum Kolbeinsmýrar að Eiðistorgi samkvæmt deiliskipulagi. Tillaga að breyttri og öruggari gönguleið um og við Eiðistorg verður skilgreind annars vegar sunnan Eiðistorgs og yfir Nesveg og hins vegar milli Mýrarhverfis og verslana Eiðistorgs. Vegna gönguleiðar sunnan Eiðistorgs og yfir Nesveg verða eftirfarandi breytingar gerðar. Í fyrsta lagi verður núverandi gönguljósum á Nesvegi við Eiðistorg lokað og ný gönguljós sett sunnar. Í öðru lagi verða "koddar", sem eru hraðatakmarkandi aðgerðir á Nesvegi færðir sunnar. Í þriðja lagi verður tengingu milli Suðurmýrar og Eiðistorgs lokað og ný útkeyrsla opnuð út á Nesveg við ný gönguljós. Í fjórða lagi verður verður akstri inn og út af bílplaninu breytt í einstefnuakstur með þeim hætti að ekið verður inn á planið sunnan megin og út af planinu norðan megin. Þá verður lokað fyrir akstur meðfram horni verslunarhúsnæðis til að tryggja öruggari gönguleið frá Mýrarhverfi og að verslunarhúsinu í gegnum bílplan Eiðistorgs. Akstur á milli svæða á bílplaninu Eiðistorgs verður eftir breytingar einungis mögulegur á einum stað, þ.e. yfir nýja upphækkaða gönguleið nær Mýrarhverfinu.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Iris, Alexandra og Anna

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12  
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



HRINGBRAUT 121 - WWW.MIR.IS - 551-1990

# NÁMSKEIÐ VOR 2020

FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

Í JL-HÚSINU

SKRÁNING ER HAFIN

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK





FÁLKI hálsmen



ERIKA hálsmen




KOLGA lokkar



ERIKA hálsmen



SINDUR lokkar



ERIKA hringur



ERIKA lokkar



ERIKA armband

# aurum

BY

GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

Frí heimsending af [www.aurum.is](http://www.aurum.is)

# 1. des hátíð Valhúsaskóla

**F**rjá árinu 1968 hefur viðhaldist sú góða hefð á Seltjarnarnesi að halda upp á 1. desember í elsta árgangi grunnskólans. Unglingarnir bjóða foreldrum sínum í kaffi og kökur auk þess sem nemendur sýna skemmtiatriði, flytja leikrit og dansa samkvæmisdansa.

Eins og undanfarin ár var

1. des-hátíðin haldin í Félagsheimili Seltjarnarness. Dagskrá hófst með ávarp formanns nemendaráðs, Unnar Mariú Sigurðardóttur, að því loknu söng Þór Ari Grétars-son vinningshafi úr Söngkeppni Selsins. Þá var komið að Söngleiknum Mamma Mía undir leikstjórn Lalla töframanns. Sýningin var

stórskemmtileg og áhorfendur fögnuðu dátt. Eftir leiksýninguna var boðið upp á veitingar og síðan sveifluðu nemendur foreldrum sínum á dansgólfinu en danslistina voru unglíngarnir búnir að nema hjá þeim Mettu og Hrund í íþrótta-tímum vetrarins. Hljómsveitin Meginstreymi hélt síðan uppi

stuðinu fram til miðnættis. Glæsileg skemmtun í alla staði. Leikhópurinn hélt sérstaka styrktarsýningu á söngleiknum sunnudaginn 8. desember við góðar undirtektir. Aðgangseyrir styrktarsýningarinnar rennur í ferðasjóð 10. bekkjar fyrir útskriftarferð þeirra í Þórsmörk.



Systrasamlagid

Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid  
Netverslun: systrasamlagid.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir  
krossar á leiði!**

3ja ára  
ábyrgð



**JS** LJÓSAMÍÐJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

*Við óskum Seltirningum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Hvetjum bæjarbúa til að huga að umhverfinu í kringum hátíðarnar, flokka plast og pappír og fara með flugelda í SORPU.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

# KOMDU ÚT Á GRANDA

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



Á GRANDA  
FINNUR ÞÚ SÖMU  
GÓÐU VÖRUMERKIN  
OG Í ÖÐRUM ELKO  
VERSLUNUM

ELKO



# Fjárhagsvandráðin eru sjálfskaparvítí

- segir Skafti Harðarson

„Ég er Vesturbæingur og KR-ingur í húð og hár. Ég er alinn upp vestast í Vesturbænum og lengi haft sterk tengsl við Seltjarnarnes. Foreldrar mínir byggðu sér hús við Sævargarða árið 1974. Eftir það bjó ég á Seltjarnarnesi um árabíl eða þangað til ég stofnaði sjálfur fjölskyldu. Þá fluttum við í Vesturbæinn og bjuggum í nánd við KR-heimilið þar til fyrir sex árum að við hjónin festum kaup á húseign á Nesinu. Á Nesinu var meira og minna öll fjölskyldan fyrir. Foreldrar mínir og systkini og dóttir okkar voru flutt á Nesið. Þetta lá því beint við. Svo má ekki gleyma golfinu sem ég hef stundað í 22 ár á Nesvellinum. Aðstaðan þar er góð þótt golfvellinum verði ekki komið upp í 18 holur. Til þess er ekki rými og spurning um hvort hægt yrði að láta hann standa undir eigin rekstri. Ég hef alltaf verið mikill frjálshyggju- og sjálfstæðismaður og gekk fljótt í sjálfstæðisfélagið á Nesinu en hef þó líka farið eigin leiðir. Ég tel að Seltjarnarnesbær hafi eytt fjármunum sem til hafi verið til þjónustu við Seltirninga í þjónustu við aðra íbúa höfuðborgarsvæðisins. Ég tel mig búa í bæjarfélagi sem hafði allt til brunns að bera til að veita þá bestu grunnpjónustu sem hægt er að veita á landinu. Ég vona að okkur beri gefa til þess að komast í gegnum þá erfiðleika sem steðja að fjármálum sveitarfélagsins. Þeir eru sjálfskaparvítí bæjarstjórnarmeirihlutans,“ segir Skafti Harðarson í spjalli við Nesfréttir.

Skafti er þekktur fyrir afdráttarlausar skoðanir hvort sem er á þjóðmálum eða málefnum Seltjarnarnesbæjar. Hann, ásamt fleirum, stóð að framboði F-lista fyrir síðustu bæjarstjórnkosningar og vantaði aðeins 14 atkvæði frá Sjálfstæðisflokknum til þess að meirihluti flokksins félli. Hann segir að hefði honum tekist að fella meirihlutann hefði hann reynt að mynda meirihluta í bæjarstjórninni með fyrrverandi meirihluta. Hann segir Seltjarnarnes það fámennt samfélag að mun auðveldara sé



Sara og Skafti með barnabörnunum. Frá vinstri: Mikael Björn, Felix Skafti, Emilía Sara, Benedikt Bjarni og Róbert Máni.

Ljósmynd: Erling.

fyrir fólk með sterkar skoðanir að hafa áhrif en í meira fjölmenni. Ef samstilltur hópur fólks taki sig saman geti það haft veruleg áhrif. „Ef ég hefði verið kosinn í bæjarstjórnina hefði ég gert kröfur. Einkum kröfur sem snúa að rekstri bæjarfélagsins sem gæti að mínu viti gæti verið mun betri. Ég hef látið heyra í mér bæði á fundum í Sjálfstæðisfélaginu og víðar. Ég hef gaman af að rifja upp að fyrir fimm eða sex árum hittumst við nokkrir með svipaðar skoðanir og ræddum meðal annars að líklega væri bæði hægt að gera Seltjarnarnesbæ skuldlausan og nánast fella niður fasteignaskattinn. Allt annað en hjá Reykjavíkurborg sem heldur fasteignaverði og þar með fasteignaskatti eins og hann er reiknaður út í dag uppi með því að takmarka lóðaframboð nema á dýrustu byggingasvæðum borgarinnar. En nú hefur meirihlutinn komið því

þannig fyrir að skattahækkanir virðast óhjákvæmilegar til að fjármagna þessi gæluverkefni þeirra. F-listinn bauð fram undir slagorðinu „Grunnpjónusta í stað gæluverkefna“, en nú mun sýna sig að bærinn hefur ekki efni á að sinna grunnpjónustunni sem skyldi.“

## Sveitarfélögin of háð ríkinu

Skafti segir að ekki þurfi að vera samræmi á milli stærðar sveitarfélaga og rekstrarhagkvæmni þeirra. „Ég tel að Reykjavíkurborg sé of stór eining. Betra væri að skipta henni upp. Að borgarhverfin fái meiri eða jafnvel algera sjálfstjórn. Skipulagsmálin verða þó að vera á sameiginlegri hendi eða lúta samstarfi en aðrir þættir eru að mínu viti betur komnir innan minni rekstrareininga. Ég veit að eftir því sem sveitarfélög verða fjölmennari vex yfirbygging þeirra og þar með rekstrarkostnaðurinn.“

Þetta sjáum við allt í kringum okkur. Sveitarfélögin eru líka of háð ríkinu. Ríkisvaldið hefur of mikil afskipti af málefnum þeirra. Og það sem verst er að sveitarfélögin hafa verið að sækjast eftir að taka yfir verkefni frá ríkinu án þess að nægjanlegt rekstrarfé fylgi. Skýrasta dæmið um það eru hjúkrunarheimilin. Nú hefur verið byggt hjúkrunarheimili hér á Seltjarnarnesi. Ég tel að bæjaryfirvöld hafi gert rétt í að segja sig frá rekstri þess, og áttu auðvitað aldrei að standa fyrir byggingu þess. Bæjarfélagið hefur ekki bolmagn til að standa undir þessum rekstri auk þess sem það myndi ekki hafa nein áhrif á hvort einhverjir Seltirningar fengju þar inni eða ekki. Allt slíkt er ákveðið af færninefnd sem tekur ekkert tillit til hvaðan fólk kemur sem fær inni áhjúkrunarheimilunum, enda eðlilegt að þeir sem verst standi gangi fyrir. Annað sem ég tel skipta miklu máli þegar um rekstur sveitarfélaga

er að ræða eru byggingar íþróttamannvirkja. Sveitarfélögin hafa lagt í yfirgengilegan kostnað við þær. Stundum hafa þessar byggingar og kostnaður vegna íþróttafélaganna gengið svo langt að spyrja má hvort íþróttafélagið sé til fyrir sveitarfélagið eða sveitarfélagið fyrir íþróttafélagið.“

### Ekki heilagt að hafa leikskólann við Suðurströnd

Skafti vísar að Seltjarnarnesbæ. Ef arfleifð núverandi bæjarstjóra og bæjarstjórnarmeirihluta verður sú sem mér sýnist stefna að fæ ég ekki séð hvernig bæjarfélagið ætlar að sinna þeirri grunnþjónustu sem það þarf að veita. Þar á ég við rekstur leik- og grunnskóla og annarra fastra verkefna sveitarfélaga. Ég fæ ekki séð hvernig Seltjarnarnesbær ætlar að byggja sambýli fyrir fatlað fólk. Hvað þá nýjan leikskóla eins og stefnt er að. Ef byggja á eftir þeim hugmyndum sem komu úr hugmyndasamkeppninni sem efnt var til fer bæjarfélagið á hausinn.“ Skafti segir ekkert heilagt við að byggja á núverandi leikskólansvæði við Suðurströnd. „Ég hefði viljað skoða flutning leikskólans að hliðinni á hinum skólunum á Seltjarnarnesi. Þá væri hægt að nota Bakkagerðistúnið sem er ónotað sem leiksvæði. Einnig vil ég spyrja hvernig menn hugsa sér að leysa úr starfsemi leikskólans á meðan þetta stórhýsi sem verðlaunað var verður í byggingu. Verður hann rekinn í lausum kennslustofum um árabil því varla verður sá leikskóli sem fyrirhugað er að byggja með bílakjallara byggður á einu ári. Leikskóli við Bakkagerðistúnið yrði mun nær nýrri byggð sem áformað er að reisa við Bygggarða en austan við Suðurströndina. Þar er fyrirhugað að byggja íbúðir sem geta hentað fyrir yngra fólk með börn á leikskólaaldri. Þá mætti einnig nýta söluandvirði núverandi leikskólaáðar til þess að fjármagna nýjan leikskóla.“ En hvernig vill Skafti nýta leikskólaáðina. „Þar mætti byggja lágreista íbúðabyggð á svæðinu.“

### Eldheitur KR-ingur en fagnar velgengni Gróttu

Skafti er eldheitur KR-ingur. Fæddur inn í félagið. Hann segir föður sinn hafa verið mikinn KR-ing og þetta sé sér svo í blóð borið að ekkert geti breytt því. Hann horfir þó ekki fram hjá Gróttu, heimafélagsins á Seltjarnarnesi. „Þótt ég sé KR-ingur kemst ég ekki hjá því að hæla Gróttu. Gróttu hefur staðið sig mjög vel. Ekki síst í fótboltanum en það var blótaka að missa Óskar Hrafn frá félaginu. En það er ekki auðvelt að keppa við sterkt félag eins og



**Skafti segir að ýmislegt þurfi að gera á Vestursvæðinu og margt á svæðinu skapi enga þrýði. „Þarna er stór grjóthrúga og síðan ljótasta áhaldahús landsins. Seltjarnarnesbær hefur ekkert með áhaldahús að gera.“**

Breiðablik. En maður kemur í manns stað. Það verður gaman að sjá KR og Gróttu eigast við í efstu deild næsta sumar.“

### Stór grjóthrúga og ljótt áhaldahús

Vestursvæðin á Seltjarnarnesi berast í tal. Skafti segir að ýmislegt þurfi að gera og margt á svæðinu skapi enga þrýði. „Þarna er stór grjóthrúga og síðan ljótasta áhaldahús landsins. Seltjarnarnesbær hefur ekkert með áhaldahús að gera. Bæjarfélagið á ekki að vera að reka traktora og grófur fyrir eign reikning. Verkin eiga bara að fara í útboð á frjálsan

markað. Ég tel nauðsynlegt að rífa áhaldahúsið, sem byggt var í leyfisleysi. Á sama hátt þarf að selja húsið sem ætlað var Lækningaminjasafni. Það stendur hálf byggt og er farið að grotna niður. Ég held það gæti nýst einhverjum ágætlega og mikilvægt að það hýsi ekki enn einn baggann á skattgreiðendum eins og safn eða stofnun. Svo er það Ráðagerði. Mér fannst hreint glapræði af bæjaryfirvöldum að kaupa Ráðagerði fyrir 100 milljónir án þess að nokkuð lægi fyrir hvað ætti að gera við húsið. Ég veit ekki til þess að nokkuð hafi verið ákveðið í þeim efnum enn sem komið er. Ekki heldur bærinn vel á spöðunum í viðhaldi fasteigna

almennt svo það það er innantómt hjal að segja að það hafi verið gert til að varðveita húsið. Og svo er það ruslið sem enn er við Bygggarðanna og seint ætlar að takast að losa.“

### Verðum að standa fast á að geta komist leiðar okkar

Skafti segir að ekki sé aðeins fallett umhverfi á Seltjarnarnesi heldur líka skemmtileg byggð og samfélag. „Fólk sækist eftir að búa á Nesinu. Það sést best á fasteignaverðinu. Svo er aðeins um fimm til tíu mínútna ferð inn í miðborg Reykjavíkur. En Reykjavíkurborg er alltaf að þrengja að Seltirningum hvað varðar aðkomu að Nesinu. Mér finnst ekki tekið nægilega fast á þessu af bæjaryfirvöldum. Seltirningar gætu átt eftir að þurfa að greiða vegakatt til þess að komast af bæ. Það er ekki hægt að útiloka heilt bæjarfélag frá eðlilegum samgöngum. Kannski á eftir að koma sér vel að hafa höfnina í Bakkavörinni ef við þurfum að fara sjóleiðina inn til Reykjavíkur. Ég veit ekki alveg hvert er að stefna í þessum málum en að mínum dómi verðum við að standa fast á réttinum til að komast leiðar okkar út úr bæjarfélaginu. Mikil mistök voru gerð þegar fallist var á breytingu á aðalskipulagi og fallið frá fyrir ætlunum um gögn undir Geirsgötu.“

*Framhald á bls. 14.*

# Þjóðin þarf að hlæja!



**Geggjuð bók með mögnuðum orða-leikjum sem fá æði marga til að veltast um af hlátri.**



**Borgfirðingar eystri eru engum líkir og húmorinn þeirra er gjörsamlega einstakur!**



**Stórkostlegar gamansögur úr íslenska tónlistarheiminum — af sviðinu, baka til og bara alls staðar.**



**Það er einfaldlega ekki hægt að ljúga upp á Þingeyinga — þvílíkur þjóð-flokkur!**

**Bókaútgáfan Hólar — með langfyndnustu bækur landsins**  
holabok.is / holar@holabok.is

Framhald af bls. 12-13.

## Heillaðist af John Stuart Mill

Skafti kveðst alltaf hafa verið hægri maður og maður frelsisins eins og hann kys að orða það. „Ég var á sextánda ári þegar þessi lífsskoðun mín mótaðist og hún hefur lítið breyst síðan. Ég las bókina Frelsið eftir John Stuart Mill oft og en einu sinni á ungdómsárunum og smitaðist af frelsishugsjón hans. Ég sannfærðist um að einstaklingar gætu leyst flest betur en það opinbera. Ég veit að ég hef ákveðnar skoðanir. Kannski jaðarskoðanir að sumra mati. En ég hef aldrei látið pólitík standa í veginum fyrir samskiptum við fólk, kunningssskap

eða vináttu. Ég á kunningja og vini sem eru allt annarrar skoðunar. Þetta er eins í íþróttunum. Þótt ég sé grjótharður KR-ingur þá er ég ekki að ónotast við fólk í öðrum félögum. Fjarri því. Maður verður að læra að greina á milli pólitískra skoðana og mannlegra samskipta.“

## Ættum að skipta grunnskólanum

Skafti segir að rekstrarvandi hins opinbera komi fram í mörgu. „Við erum til dæmis stöðugt að verja meiri fjármunum til grunnskólans án þess að bæta menntun barnanna. Þá er ég að tala um það almennt en ekki bara á Seltjarnarnesi. Ef ég sný mér að Nesinu þá tel ég að við ættum

að skipta grunnskólanum og taka annan þeirra undir einkarekstur. Þá myndi myndast samkeppni og menn færðu að gera betur. Ég er að tala um hugmynd eins og unnið er eftir í Garðabæ að fé fylgi barni. Ég er ekki að segja að foreldrar eigi að greiða fyrir skólalagönguna.“

## Eiðistorgið er vel staðsett og ætti að nýttast betur

Skafti snýr sér að Eiðistorginu. Miðbæ Seltirninga. Hann kveðst sakna þess að ekki virðist hægt að reka meiri verslun og þjónustu á torginu. „Ef til vill er of stutt í Miðborgina og svo hefur verslun og þjónusta verið að eflast í Örfirisey. En Eiðistorgi er vel staðsett og ætti að geta nýst fyrir þjónustustarfsemi.

## Purfum ekki bæjarstjóra í fullu starfi

„Við settum okkar það markmið að hafa gott útsýni þegar við leitum okkar að stað til þess að

búa á Seltjarnarnesi. Við erum á Vesturströndinni og sjáum beint upp í Esjuna og yfir sundin. Konan labbar mikið um nágrennið og sjálfur fer ég einstaka sinnum í göngutúra. Getum kallað þá pólitíska göngutúra. Ég skoða þessi ósköp sem eru áhaldahúsið og lækningaminjasafnshúsið og velti því fyrir mér hvar megi spara í rekstri bæjarins. Ég tel til dæmis að sveitarfélag af þeirri stærð sem Seltjarnarnesbær er þurfi ekki að vera með pólitískan bæjarstjóra á fullum launum. Við þurfum góðan framkvæmdastjóra, sem jafnframt sinnir fjármálum, og gætum sparað yfir 100 milljónir í stjórnunarkostnað á einu kjörtímabili. Ég er ekki að beina þessu til núverandi bæjarstjóra persónulega þó ég telji hana ekki hafa haldið vel á spilunum. Heldur almennt um hvernig megi lækka kostnað. Pólitísk sjónarmið mín beinast ekki að persónum heldur verkum þeirra og skoðunum. Við eigum öll aðra hlið, og oft mýkri, en þá sem snýr að pólitíkinni.“

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk

Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA  
EIÐISTORGI 13 - 15  
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)

# KRAFTVIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari. Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.

Netum alltaf flugeldaglegu, bæði börn og fullorðnir

FLUGELDAMARKAÐIR  
BJÖRGUNARSVEITANNA

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL  
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES  
VIÐ SUBURSTRÖND

SELTVARNARFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

# Dagur íslenskrar tungu í Mýró

Dagur íslenskrar tungu var laugardaginn 16. nóvember. Venju samkvæmt var af því tilefni blásið til fagnaðar í Mýró og settar upp sýningar í salnum.

Fyrsti bekkur söng Stafrófsvísur eftir Þórarinn Eldjárn, fimmti bekkur flutti ljóðið Bókagleypir eftir Þórarinn Eldjárn og þriðji bekkur flutti leikþátt um ævi Jónasar Hallgrímssonar. Krakkarnir stóðu sig með prýði og gerðu daginn hátíðlegan.



pizzan.is  
578 88 88



**1.990 kr.**

HÖFUM OPNAÐ NÝJAN STAÐ Í JL HÚSINU

## OPNUNARTILBOÐ\*

STÓR PIZZA AF MATSEÐLI OG 2L GOS AÐ EIGIN VALI  
9. - 19. DESEMBER

\*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

## Áramótabrennan á Valhúsaheð hefst kl. 20.30



[www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Hermann Arason  
stýrir fjöldasöng.

Sjáumst í hátíðarskapi.

Seltjarnarnesbær óskar  
bæjarbúum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



SELTJARNARNESBÆR

# JÓGAGJAFIR & VELLÍÐAN



**Jógadýnur úr korki eru framtíðin. Frábær gæðl.**



**Hugleiðslupúðar og mottur. Einstök fegurð.**



**Möntrubollar, kristalsvatnsflöskur og korkbrúsar.**



**Nailberry naglalökk, Eiturfriðlaus og vegan.**



**Möntrubönd og -hringir. Mikil úrval.**



**Lífrænn jógasamfestingur er sigildur.**



**Wild Grace húðlínan er ný og mögnuð.**



**Við heiðrum Flothettuna.**



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

ATH. Lengri afgreiðslutímar í desember. Fylgstu með á facebook.

# Helgihald um jól og áramót í Seltjarnarneskirkju



**Sunnudagurinn 15. desember**  
- 3. sunnudagur í aðventu

**Fræðslumorgunn kl. 10.**

Gústi guðsmaður.  
Sr. Sigurður Ægisson segir frá bók sinni um Gústa guðsmann.

**Guðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11.**

Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur, þjónar.  
Organisti er Friðrik Vignir Stefánsson.  
Selkórinn syngur undir stjórn Oliver Kentish.  
Sveinn Bjarki og leiðtogar sjá um sunnudagaskólann.  
Kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu.

**Miðvikudagurinn 18. desember**

**Kyrrðarstund kl. 12.**

Léttur málsverður í safnaðarheimilinu eftir stundina.

**Sunnudagurinn 22. desember**  
- 4. sunnudagur í aðventu

**Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.**

Sóknarprestur, leiðtogar í sunnudagaskólanum ásamt organista sjá um stundina.  
Jólasveininn kemur í heimsókn og gefur börnunum gjafir. Mikill söngur.  
Kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu.

**23. desember – Þorláksmessa**

**Orgelleikur og söngur við kertaljós kl. 22.**

Friðrik Vignir Stefánsson, organisti leikur á orgelið í nálægð jóla.  
Eygló Rúnarsdóttir syngur.

**24. desember – aðfangadagur jóla**

**Hátíðarhelgistund á**

**Hjúkrunarheimilinu Seltjörn kl. 16.**

Sóknarprestur þjónar.  
Organisti kirkjunnar leikur undir söng.

**Aftansöngur jóla kl. 18.**

Sóknarprestur þjónar.  
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.  
Gunnar Helgason leikur á básúnu.  
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir syngur einsöng.  
Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur.

**25. desember – jóladagur**

**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**

Sóknarprestur þjónar.  
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.  
Þóra H. Passauer syngur einsöng.  
Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur.  
Kaffi og konfekt eftir athöfn í safnaðarheimili.

**26. desember – annar í jólum**

**Helgistund kl. 10 vegna Kirkjuhlaups.**

Sóknarprestur þjónar og organisti kirkjunnar leikur á orgelið.  
Eftir hlaupið er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimilinu.

**Sunnudagurinn 29. desember**

**Guðsþjónusta kl. 11.**

Sóknarprestur þjónar.  
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.  
Davíðs Stefánssonar minnst í athöfninni – 100 ár liðin frá útkomu fyrstu bókar hans – Svartra fjaðra. Félagar úr Kammerkórnum syngja.  
Kaffiveitingar og samfélag eftir athöfn í safnaðarheimilinu.

**31. desember – gamlársdagur**

**Kirkjan opin frá kl. 20.30.**

Söfnuðurinn býður öllum upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara á brennu eða koma af brennu.  
Organisti leikur áramótatónlist.

**Áramótaskaupið á neðri hæð kl. 22.30.**

Áramótaskaupið á neðri hæð kirkjunnar á 75 tommu skjái. Veitingar.  
Allir hjartanlega velkomnir.

**1. janúar 2020 – nýársdagur**

**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.**

Sóknarprestur þjónar.  
Birgir Þórarinnsson, guðfræðingur og alþingismaður, flytur ræðu.  
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.  
Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngur.  
Kaffi og konfekt eftir athöfn í safnaðarheimilinu.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfrýrtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigna, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðöldum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Love on Iceland

# Hallmark tekur upp í Gróttu



Það tókst að ljúka myndatökunni innan tímamarka fljóðs og fjöru.

Mikið tilstand og fjölmenni var í og við Gróttu í lok nóvember þegar að tekin var upp sena í sjónvarpsmynd fyrir Hallmark sjónvarpsstöðina sem ber heitið "Love on Iceland". Íslenska kvikmyndafyrirtækið HP Productions vinnur að verkefninu fyrir Hallmark og eru tökustaðirnir víða um Íslands. Til stendur að frumsýna myndina í lok janúar á "Winterfest" stöð Hallmark sem hefur hvað mest áhorf.

Í framhaldi af jákvæðum umsögnum Umhverfis- og Minjastofnunar veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið öll tilskilin leyfi til HP Productions vegna tilstandsins en Gróttu er jú friðland eins og Seltirningar vita og þar þarf að fara að öllu með gát og samkvæmt settum reglum. Myndatakan tókst að sögn afar vel og allt kláraðist innan tímamarka fljóðs og fjöru. Veðrið og útsýnið í Gróttu var hreint út sagt stórkostlegt á þessum bjarta og fallega vetrardegi og mun án efa heilla margan áhorfandann.



Mikið tilstand og fjölmenni var í og við Gróttu í lok nóvember.

**Skötuveisla á Þorláksmessu**  
(Ris a la mande í eftirrött)

**2.250 KR**

**IIIIIMIRIIII**

23. DESEMBER  
12:00 — 14:00

HÓTEL SAGA MIMIR.RESTAURANT 525-9970

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



*Það eru allir brjálaðir í Vestfjarðabækurnar þó það séu ekki glæpasögur!*

*Fást í bókaverslunum um land allt.*



*Vestfirská forlagið*

Upp með Vestfirði!

# Friðarjól

- eftir sr. Bjarna Þór Bjarnason

## Kæri lesandi.

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka þýddi fyrir löngu fagran enskan jólasálm eftir Charles Wesley. Þetta er sálmurinn „Hark! The herald angels sing.“ Margir þekkja þennan jólasálm.

*Friður, friður frelsarans,  
finni leið til sérhvers manns.  
Yfir höf og yfir lönd  
almáttug nær Drottins hönd.  
Hans er lífið, hans er sól,  
hann á okkar björtu jól.  
„Börn við erum, börnin smá,  
börn, sem Drottinn vakir hjá.“*

Orðin jól og friður tengjast sterkum böndum enda er inntak jólanna friður. Spádómar Gamla testamentisins fjalla einmitt um friðarhöfðingjann. Jesaja spámaður segir:

„Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.“

Jesús er friðarhöfðinginn. Þess vegna eru jólin friðarhátíð. Lítið saklaust barn kom í heiminn. Hvað er friðsamara og yndislegra en það? Hvað er friðsamara í þessum heimi en að halda á nýfæddu barni? Jólin eru helguð friði og dásemd friðarhöfðingjans sem fæddur var af ungri konu í fjárhúsi forðum daga. Við þekkjum þá sögu og kunnum hana utan að.

Hún er alltaf jafn stórkostleg á að hlýða og hún gleður okkur sannarlega á helgum jólum.

Í jólaguðspjallinu er talað um söng englanna, sendiboða Guðs. Það voru hirðarnir sem gættu hjarðar sinnar úti í haga sem fengu fyrst að vita af fæðingu friðarhöfðingjans. Þeir voru baðaðir mikilli himnabirtu og dýrð Drottins ljómaði í kringum þá. Fjölmargir englar lofuðu Guð og sögðu:

„Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á.“

Friðarhugtakið er þrungið merkingu í kristinni trú. Boðskapur Jesú er friðarboðskapur. Jesús sagði forðum við lærisveina sína:

„Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur. Hjarta yðar skelfist ekki né hræðist.“

Öll þráum við frið, jafnvægi í lífinu, þar sem lífskraftarnir eru í innra samhljómi. Margir skynja jólafríðinn sem fylgir því er jólin ganga í garð kl. 18 á aðfangadegi jóla. Þá verður allt heilagt og sérstök stemning ríkir. Þegar sú stund rennur upp erum við búin að gleyma allri ærustu aðventunnar. Þá ríkir friður helgra jóla í hug og hjarta. Þessi friður blessar okkur eitt og sérhvert og umvefur okkur á bak og brjóst.

Munum á þessum jólum eftir friðarljósinu. Setjum það út í glugga til þess að minna nágranna okkar og aðra þá sem það sjá á Friðarhöfðingjann sem fæddur er. Þannig sendum við kveðjur um frið og fögnuð til náunga okkar. Í þessu sambandi koma orð sr. Haraldar Níelssonar upp í hugann þegar hann segir í jólaræðu frá 1920:



Sr. Bjarna Þór Bjarnason.

„Viða í sveitum þessa lands hélst lengi sá siður, að láta ljós loga alla jólanóttina í baðstofunni. Ljosið sem logaði meðan allir sváfu, var ímynd gæsku Guðs og speki sem vakir yfir oss öllum. Við þá hugsun sofna börnin róleg í kvöld, með gleði og frið í hjarta. En vér, sem eldri erum, getum vér ekki líka orðið börn í þeim skilningi – um jólin!“

*Friður sé um fold og haf  
friðarboðskap Jesús gaf.  
Fátækur hann fæddur var,  
faðir ljóssins þó hann var.  
Ljóssins faðir, ljós þín skær  
lýsi öllum nær og fjær.  
„Börn við erum börnin smá,  
börn, sem Drottinn vakir hjá.“*

Guð gefi okkur öllum blessunarrík friðarjól.

Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur í Seltjarnarnesprestakalli.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

 **Árbæjarsafn**

**Verið velkomin  
á jóladagskrá  
Árbæjarsafns**

**sunnudagana 15. og 22. des.  
kl. 13–17**

www.borgarsogjucim.is

# Óábyrg fjármálastjórnun bitnar á þjónustu við íbúa

Við Seltirningar eigum ekki að þurfa að venjast því að fjallað sé um sveitarfélagið okkar á neikvæðan hátt í fjölmiðlum. Þetta haust hefur þó verið einstak fyrir þær sakir að mörg hundruð milljón króna taprekstur bæjarins komst í fjölmiðla, mikil umfjöllun var um að bærinn hafi ekki staðið sig í barnaverndarmáli sem leiddi til þess að bærinn hefur sett af stað úttekt á málaflökknum og bæjarstjóri beðið barnið afsökunar. Bærinn bað svo aftur afsökunar á vinnubrögðum við námsmat úr grunnskólanum síðastliðið vor og nú síðast var sú afsökunarbeiðni dregin til baka og kennarar beðnir afsökunar á afsökunarbeiðninni til foreldra og nemenda.

Eftir allar þessar haustlægðir bæjarins í fjölmiðlum hefði maður haldið að taka ætti föstum tókum á þessum málum í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár. Að hallarekstur væri leiðréttur, barnaverndarþjónusta Seltjarnarnesbæjar eflað og aukið fé færi til skólans til að veita kennurum stuðning við að móta og þróa nýtt námsmat við útskrift en starfsfólk skólans hefur kvartað undan skort á stuðningi í málinu. En svo er víst ekki.

Í tillögu Sjálfstæðismanna að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er sett fram niðurskurðarkrafa á

félagsþjónustu- og fræðsluvið líkt og öll önnur svið bæjarins. Þrátt fyrir að þeim kröfum sé mætt með skerðingu á þjónustu við íbúa er afgangur A-sjóðs aðeins um 292 þúsund krónur. Talsverð óvissa ríkir einnig þar sem að kjarasamningar við flest öll stéttarfélög eru lausir og hefði því verið mikilvægt að hafa svigrúm í rekstri bæjarins. Þegar tillagan er svo rýnd og borin saman við rekstur síðastliðinna ára má finna liði þar sem að tekjur eru ofáætlaðar og fjárútlát vanáætluð svo gera má ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri bæjarins þrátt fyrir þjónustuskerðingar.

Það er dýrt að reka lítið sveitarfélag með fyrsta flokks þjónustu en það er enga síður það loforð sem stjórnmalámennt gáfu fyrir kosningar og það er sú krafa sem bæjarbúar gera á bæinn. Sveitarfélagið hefur síðastliðin ár staðið í miklum framkvæmdum og eru stórar framkvæmdir eins og bygging nýs leikskóla framundan. Skuldir bæjarins hafa margfaldast með tilheyrandi vaxtakostnaði og ekkert er í kortunum sem sýnir fram á að svigrúm verði til þess að greiða niður skuldir eða leggja til hliðar fjármuni fyrir þeim nauðsynlegum viðhalds- og nýframkvæmdum sem framundan eru.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn skoði allar forsendur í

rekstri bæjarins. Nú stendur yfir úttekt á rekstrinum og hefur meirihlutinn boðað niðurskurð. En það sem ekki hefur verið skoðað er hvað mundi gerast ef útsvarið á Seltjarnarnesi væri það sama og í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Við þá breytingu mundu tekjur bæjarins aukast um tæplega 170 milljónir sem væru hægt að nýta til þess að borga niður skuldir, setja í fjármögnun á þeim framkvæmdum sem eru á dagskrá eða til þess að koma í veg fyrir niðurskurð í félagsþjónustu bæjarins, hjá leikskólunum, í grunnskólanum, tónlistarskólanum, frístundarstarfinu og í félagslega kerfinu og svo nokkur dæmi séu tekin. Það er óábyrgt af sveitarstjórn að leggja fram enn eina áætlunina sem mun enda með hallarekstri og það er auk þess farið að bitna verulega á þeirri þjónustu sem að bærinn veitir íbúum sínum og getu hans til þess að standa jafns við þá framþróun sem er að eiga sér stað í sveitarfélögunum í kringum okkur.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson  
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga



LAUSNIR FYRIR FLOKKUN



SNYRTIVÖRUR



FATNAÐUR



HREINSEFNI Í ÁFYLLINGU



VONARSTRÆTI

VERSLUN MEÐ UMHVERFISVÆNAR VÖRUR

HEFUR OPNAÐ Á LAUGAVEGI 27

Verslun með umhverfisvænar heimilsvörur, fatnað, snyrtivörur, áfyllingarvörur, margnotavörur og alls konar skemmtilegt.

VONARSTRÆTI

## UMHVERFISHORNID



Ljósmynd: Jóhann Óli Hilmarsson

### Umhverfið okkar

Nokkuð hefur borið á kvörtunum vegna trjágróðurs sem vaxið hefur út fyrir lóðamörk. Slíkt getur skapað óþægindi og hættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Trjágróður getur valdið tjóni á tækjum og bifreiðum og gert starfsmönnum þjónustumiðstöðvar m.a. erfitt fyrir við snjósmokstur. Viljum við hvetja bæjarbúa til að standa saman í að skapa umhverfi sem dregur úr líkum á slysum og tryggja almenningi greiða leið um Seltjarnarnes.

Vetrartíminn getur verið fuglum erfiður, sérstaklega þegar snjór og klaki hindrar þá í að tína m.a. fræ og skordýr upp af jörðinni. Við slíkar aðstæður þiggja þeir gjarnan ávexti, brauð, fræ og kornmeti og verða oft furðu spakir þegar þeir heimsækja garðana okkar. Þá má ekki gleyma fuglum við Bakkatjörn sem eru líkt og smáfuglarnir margir hverjir háðir fóðurgjöf yfir vetrartímann.

Líkt og undanfarin ár býðst Seltirningum, sér að kostnaðarlausu, að skilja eftir jólatré sín á áberandi stað fyrir utan lóðarmörkin. Þeir sem vilja nýta sér þjónustuna eru hvattir til að skorða trén vel svo þau fjúki ekki og geti þannig valdið öðrum ama. Starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar verða á ferðinni frá 7. - 9. janúar 2020 en utan þess tíma tekur endurvinnslustöð Sorpu við jólatrjá.

Íbúar eru hvattir til að huga að umhverfinu í kringum hátíðirnar, flokka plast og pappír og fara með flugelda í Sorpu. Umhverfisnefnd óskar Seltirningum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Fyrir hönd umhverfisnefndar,  
Hannes Tryggvi Hafstein

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### LEIKHÚS, PÚTT, SÖNGUR OG SAMVERA

Undanfarna daga og vikur hefur dagskráin verið fjölbreytt í félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa hér á Nesinu. Ferðalög, leikhúsfærðir og skemmtikvöld. Leikhúsfærðin í Þjóðleikhúsið á Atómstöðina sem farin var fimmtudaginn 14. nóvember var bæði áhugaverð og skemmtileg að flestra mati. Góður leikur, nokkuð sérstök leikmynd og efni sem á erindi í nútímanum. Fimmtudaginn 28. nóvember var samverustund í salnum á Skólabraut /Gaman saman. Stundin var með jólalegu sniði. Veitingar samanstóðu af ýmsu góðgæti sem prýða jólahlaðborð nútímans ásamt meðlæti sem tilheyrir hverjum rétti fyrir sig og svo kaffi og desert á eftir. Stefán Bjarnason og Einar Jónsson léku og sungu jólalög í bland við önnur. Boðið var upp á marseringu og dans frá Óskanda sem er dansskóli á Eiðistorgi. Almenn ánægja og góður matur. Nú fyrstu daga adventunnar er dagskráin með sínu hefðbundna sniði skv. dagskráblaðinu. Jóna-félagsvist fimmtudaginn 5. desember og jóla-bingó fimmtudaginn 12. desember. Í handavinnutímunum og á námskeiðunum í leir og gleri hefur starfið og vinnan undanfarna daga og vikur einkennst af jólaundirbúningi og margir fallegir munir unnir til gjafa fyrir jólin. Fjör hefur verið í púttinu í Risinu á Þriðjudögum þar sem allir gera sitt besta og hfa gaman af. Í fyrsta tíma nú á adventunni var boðið upp á nýbakaðar jólasnákökur og kaffi. Mikil gleði hefur ríkt í söngstundunum undanfarna föstudaga þar sem hinir ýmsu organistar og hljóðfærleikarar hafa stjórnað og skemmt okkur með nærveru sinni. Nú er farið að bjóða upp á smá hressingu eftir sönginn og hefur það mælst mjög vel fyrir.

### SÖNGUR OG SÚKKULAÐI Á SKÓLABRAUT

Miðvikudaginn 18. desember frá kl. 14.30. Eins og venja hefur verið í aðdraganda jóla er samverustund í salnum á Skólabraut (aðstöðu félagsstarfsins). Þar komum við saman og eigum hátíðlega stund. Nemendur úr Tónlistarskólanum líta við og taka nokkur jólalög. Sólveig Pálsdóttir bæjarlistamaður Seltjarnarnes les upp úr nýjustu bókinni sinni Fjötrar. Heitt súkkulaði og jólabakkelsi. Hvetjum fólk að kíkja við og taka með sér gesti.

### JÓLAKAFFIHÚS Í SELINU

Hið árlega jólakaffihús ungmennaráðs Seltjarnarness verður haldið hátíðlega fimmtudaginn 19. desember í Selinu. Í ár eru 10 ár liðin frá stofnun ungmennaráðsins og verður jólakaffihúsið því með afmælisþema.

Á jólakaffihúsinu stíga á stökk ungir Seltirningar sem syngja og spila jólalögina sem koma með jólin til þín, til þín, TIL ÞÍN! Húsið opnar kl. 20.00 og munu kósýheit og jólastemning halda kvöldinu uppi til kl. 22.00. Við munum bjóða upp á heitt súkkulaði og vöffur ásamt kaffi og kökum. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en kr. 500 fyrir 12 ára og yngri. Hvetjum alla Seltirninga til að fjölmenna og eiga yndislega kvöldstund með góðu fólki

### DANS DANS DANS

Nú geta allir dansað. Í janúar 2020 hefst dansnámskeið fyrir eldri borgara í samstarfi við dansskólann Óskandi á Eiðistorgi. Námskeiðið er 6 vikur og byrjar laugardaginn 101. janúar kl. 14.00. Ragna Rögnvaldsdóttir, grunnskólakennari og danskennari, leiðir námskeiðið. Námskeiðið er byggt m.a. á íslenskum og erlendum samfélagsdönsnum. Áhersla er lögð á dansgleði og það að eiga skemmtilega samverustund saman. Skráningarblöð liggja frammi í aðstöðu félags og tómstundastarfsins á jarðhæð við Skólabraut 3-5, og í Eiðismýri 30. Einnig má skrá sig á pósthfanginu oskandi@oskandi.is og á heimasíðu skólans oskandi.is. Það eru allir hjartanlega velkomnir.

### SELKÓRINN

Miðvikudagskvöldið 8. Janúar kl. 19.30 býður Selkórinn í árlega tónlistarveislu. Það er svo sannanlega hægt að kalla þetta eina allsherjar veislu því kórfélagar bjóða upp á kaffi og veitinga-hlaðborð í lok tónleika. Eins og á síðasta ári verða tónleikarnir í safnaðarheimili kirkjunnar og hefjast eins og áður segir kl. 19.30. Fólk er hvatt til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Ath. Til stendur að síðasti starfsdagur í félagsstarfinu verði föstudagurinn 20. desember og fyrsti starfsdagur eftir áramótin er föstudagurinn 3. janúar. Hvetjum fólk þó til að fylgjast með auglýsingum þar sem einhverjar breytingar geta alltaf orðið.

Starfsfólk félags og tómstundastarfsins óskar öllum eldri borgurum og þeirra aðstandendum gleðilegrar hátíðar, farsældar og friðar á komandi ári og þakkar ánægjulegt samstarf og samvinnu á árinu.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

*Hugleiðing um jól*

## Gróttuvitinn og Biblían

Eins og Gróttuvitinn vísar skipunum leið, er kristinn boðskapur ágætastur vegvísa fyrir okkur mannfólkið í daglega lífinu. Sá boðskapur hljómar á þessum árstíma hátt í kirkjum landsins og víða á heimilum. Hann er eins og allir vita að finna í Biblíunni. Margar kynslóðir, sem líklega voru öllu Biblíufróðari en mörg okkar nú á tímum, hafa nefnt Biblíuna, þegar spurt var hvaða bók þær myndu velja, ef þær mættu aðeins taka með sér eina til dvalar á eyðieyju.

Biblían hefur verið kölluð „bók bókana“ og er líklegast til á flestum heimilum. En þar kemur hún að litlu gagni rykfalinn í hillu - og þeim mun meira gagni sem hún verður snjádari í höndum okkar. Fermingarbörn í Seltjarnarneskirkju hafa fengið Biblíu að gjöf frá söfnuðinum allmörg undanfarin ár. Hún kom fyrst út á íslensku árið 1584, fyrir framtak Guðbrands biskups Þorlákssonar á Hólum. Var tungumál okkar meðal þeirra 20 fyrstu í veröldinni sem Biblían var þýdd á. Það að hún skyldi koma út á íslensku þetta snemma er talin ein höfuðástæða þess hve íslensk tunga hefur varðveist vel. Nýjasta útgáfa Biblíunnar á íslensku, sú 11. í röðinni, er frá árinu 2007. Hún er einkar vönduð og aðgengileg, með tilvísunum í lykiltexa, landakortum til útskýringar, o.m.fl.

Ekkert er betur viðeigandi á jólum en að verja stund til að lesa í Biblíunni og átta sig betur en áður á þeim vísdomi sem hún hefur að geyma. Kennsla í kristnum fræðum þótti lengi mikilvægur þáttur í hollu uppeldi barna og ungmenna, enda góð leiðsögn á fullorðinsárum, en hefur nú að mestu fallið niður í grunnskólanum. Þar hefur einnig a.m.k. í Reykjavík verið amast við því að skólabörn fái Nýja testamentið að gjöf eins og lengi tíðkaðist. Þannig eru m.a. dæmisögur Krists, sem hvetja til ærlegrar og kærleiksríkrar framkomu, mörgu ungu fólki lítt eða ekki kunnar. Ein hin þekktasta þeirra er um miskunnsama Samverjann sem kom til hjálpar ókunnum manni, illa leiknum af ræningjum, eftir að þeir sem telja mátti að fremur hefðu átt að liðsinna honum höfðu gengið framhjá hver af öðrum. Þegar vísað var til miskunnsama Samverjans á vinnustað hælendis fyrir ekki ýkja löngu, hélt þar ungur maður að átt væri við starfsmann hjá fyrirtæki sem hétu Samver!

Vanlíðan og vandamál ungs fólks hafa fremur vaxið en minnkað meðan þessi þróun hefur átt sér stað og ekkert bendir til að niðurfelling fræðslu um kristileg

efni hafi verið í nokkru til heilla. Full ástæða er því til að íhuga vel hvort ekki sé rétt að snúa hér við blaði.

Íslensk og vestræn menning hefur í margar aldir verið mótuð af boðskap kristinnar. Því hefur verið bent á að án þekkingar á helsta efni Biblíunnar sé ekki hægt að bera fullt skyn á margt í lífi og sögu þjóðarinnar. Þó að Biblían sé fyrst og síðast helgirit kristins fólks er þannig algengt að þeir sem hafa talið sig trúlausu hafi engu að síður lagt kapp á að vera vel að sér um efni hennar. Þeir hafa m.a. gert sér grein fyrir hve ótalmargt hollt og nýtilegt má af henni læra – og með því leggja grunn að farsælu lífi.

Nýjasta Biblíuútgáfan er sem fyrr segir afar aðgengileg, m.a. er þar að finna ábendingar um mikilvæga ritningarstaði. Biblían er ekki ein þeirra bóka sem lesa þarf frá upphafi til enda til að njóta hennar. Oft nægir að fletta upp í henni af handahófi til að rekast fljótt á texta sem verðugur er umhugsunar og snerta kann þær aðstæður sem lesandinn finnur sig í. En meðal texta sem sérstaklega er bent á má nefna Jólagaðspjallið, Fjallræðuna, frásögunnar af miskunnsama Samverjanum og Glataða syninum, Óðinn til kærleikans o.m.fl. Orðskviðirnir eru safn hollráða sem ómetanlegt er að kynna sér. Eða hver kann ekki að meta speki eins og þessa: „Málæðinu fylgja yfirsjónir en sá breytir hyggilega sem hefur taumhald á tungu sinni.“ Eða: „Sá sem elskar aga elskar þekkingu en sá sem hatar umvöndun er heimskur.“ Allt eru þetta textar sem vert er að taka sér stundarkorn til að lesa og hugleiða í kyrrð jóllanna.

Loks skal rifjað upp fyrir þá sem nú ætla að taka sér Biblíuna í hönd, að mætur Seltirningur, Björn heitinn Jónsson, sem árum saman var virtur skólastjóri Hagaskóla, vék að því eitt sinn í ræðu í Seltjarnarneskirkju í hvílíku uppáhaldi 23. Davíðssálmur hefði verið hjá sér. Þar er texti sem hann og margir aðrir hafa talið þess virði að læra utanað – og er kjörinn til hughreystingar þegar á móti blæs.

*Gleðileg jól – og farsæla framtíð! Njótið lestursins!*

*Ólafur Egilsson sóknamefndarmaður í Seltjarnarnessöfnuði og fu. stjórnarmaður í Hinu íslenska biblíufélagi*



Ólafur Egilsson.



*Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár*



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.



## Níttján leikmenn framlengja samninga sína við Gróttu



Íþróttafélagið Gróttu hefur framlengt samninga sína við níttján leikmenn liðsins út tímabilið 2021.

Birgir Tjörvi Pétursson formaður knattspyrnudeildar Gróttu er ánægður að hafa skrifað undir samninga við níttján leikmenn félagsins í einni lotu.

„Við höfum mikla trú á þessum strákum sem hafa tekið þátt í ævintýrinu og það er gaman að sjá að þeir hafa sjálfir trú á verkefninu sem framundan er.“

## Sjöundi flokkur á Krónumóti

Sjöundi flokkur Gróttu skemmtu sér vel á Krónumóti HK helgina 16. til 17. nóvember.

Sjöundi flokkur karla spilaði í Kórnum á laugardeginum og tefldu drengirnir fram sjö liðum en stelpurnar spiluðu í fimm liðum á sunnudeginum.

Þetta var fyrsta vetrarmótið hjá flokkunum og því mikil tilhlökkun sem stóðst allar væntingar. Sigrar, töp en umfram allt mikil stemning.



## Chris Brazell ráðinn yfirþjálfari

Hinn enski Chris Brazell skrifaði undir samning sem yfirþjálfari yngri flokka hjá Gróttu þann 12. nóvember s.l. Chris mun einnig verða annar af tveimur þjálfurum 5. flokks karla og hafa umsjón með þróun og afreksþjálfun. Chris, sem er 27 ára gamall, er með UEFA-A þjálfaragráðu

og BA gráðu í alþjóðasamskiptum frá University of Lincoln. Chris starfaði í fjögur ár í akademíu enska stórliðsins Norwich þar sem hann var m.a. aðalþjálfari U14 ára liðs félagsins og vann með leikmönnum sem voru að stíga sín fyrstu skref í aðalliðinu.

Við undirskriftina í gær sagði Chris meðal annars: "Ég er mjög ánægður með að vera kominn til Gróttu og þakklátur fyrir hve vel hefur verið tekið á móti mér. Ég fékk tækifæri til að kynna félaginu þegar ég kom í heimsókn sumarið 2018 og veit hve kraftmiklir og góðir þjálfarar vinna hjá Gróttu. Það vakti því strax áhuga minn þegar haft var samband við mig og ég er mjög spenntur fyrir komandi tímabili. Gróttu þjónar mikilvægu hlutverki í samfélaginu og mér finnst það vera eitt mikilvægasta verkefnið - að Gróttu haldi áfram að vera mikilvægur partur af hverfinu og halda einkennum félagsins á nýjum og spennandi tímum."

### Stjórn Gróttu fagnar komu Chris

„Við í stjórninni erum ánægð með að fá Chris til starfa hjá Gróttu. Hann kemur með nýjar áherslur og ferskar hugmyndir inn í félag sem er að ganga í gegnum miklar breytingar þessa dagana. Ráðning hans sýnir að við fögnum þessum breytingum og viljum halda áfram að þróast sem knattspyrnufélag“ sagði Arnar Rafn Birgisson formaður barna- og unglíngaráðs.



Knattspyrnudeildir Gróttu og KR hafa náð samkomulagi um áframhaldandi samstarf í 2. og 3. flokki kvenna.

Liðin hafa verið í samstarfi síðan árið 2013 og árangurinn verið mjög góður. Því er mikið fagnaðarefni það hafi verið skrifað undir tveggja ára samstarfssamning.

Aníta Lís Svansdóttir mun þjálfar 2. flokk kvenna. Aníta og Bjössi Vald munu þjálfar 3. flokk kvenna.

[www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)

**1X2**

GETRAUNANÚMER  
GRÓTTU ER  
**170**

## Orri Steinn til FCK

Orri Steinn Óskars-son og knattspyrnudeild Gróttu hafa gert samkomulag við danska stórliðið FC Kaupmannahöfn um að Orri Steinn gangi til liðs við U17 ára lið félagsins sumarið 2020. Orri verður því fyrsti leikmaður Gróttu sem erlent atvinnumannalið fær til sín frá félaginu. Þetta er mikill áfangi fyrir þennan efnilega leikmann og ekki síður tímamót fyrir knattspyrnudeild Gróttu.



Orri Steinn ásamt forráðamanni FCK.

Orri Steinn er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi og byrjaði að æfa fótbolta hjá Gróttu 6 ára gamall. Hann hefur verið undir handleiðslu margra þjálfara hjá Gróttu en helst ber þó að nefna Óskar Hrafn Þorvaldsson, föður Orra, sem hóf störf hjá Gróttu haustið 2015. Óskar þjálfaði Orra Stein í 4. og 3. flokki, og síðar í meistaraflokki, en í fyrra stýrði Óskar 3. flokki Gróttu í undanúrslit Íslandsmótsins þar sem Orri var lyklimaður.

### Yngsti leikmaður með meistaraflokki

Í fyrra varð Orri yngsti leikmaðurinn til að spila með meistaraflokki Gróttu þegar hann kom inn á í 2. deildinni á móti Hetti og gerði sér lítið fyrir og skoraði tvö mörk. Orri var þá 13 ára og 354 daga gamall en metið átti Daði Már Jóhannsson sem var 14 ára og 330 daga gamall þegar hann lék með meistaraflokki.

Frá leiknum eftirminnilega við Hött hefur Orri spilað 17 leiki með meistaraflokki og skorað í þeim fjögur mörk. Hann skoraði einmitt fyrsta mark Gróttu í 4-0 sigrinum á Haukum í lokaleik sumarsins 2019 þegar Gróttu tryggði sér sigur í Inkasso-deildinni. Orri tók þátt í meira en helmingi leikjanna í Inkasso-ævintýrinu í sumar en Óskar Hrafn þjálfaði liðið ásamt Halldóri Árnasyni.

Orri Steinn hefur látið að sér kveða í yngri landsliðum Íslands síðustu tvö ár og hefur nú leikið 13 landsleiki og skorað í þeim 16 mörk! Orri er nýkominn heim úr ferð með U17 ára landsliðinu en viðtal við hann og Grím Inga Jakobsson má lesa á grottasport.is

Gróttu óskar Orra Steini, fjölskyldu hans og samferðafólki innilega til hamingju með áfangann og hlakkar til að fylgjast með ævintýrum hans á komandi misserum.

## Sjötti flokkur karla á Keflavíkurmóttinu

Sjötti flokkur karla hélt til Keflavíkur á laugardaginn að spila á fyrsta móti vetrarins. Gróttu var með fimm lið á móttinu og þrjú þeirra unnu bikar!

Hér má sjá eitt af sigurliðunum, þá Styrmí, Andra, Gumma, Magnús og Tryggva.



## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Engilbert Sigurðsson. Hann hefur æft á Túbu síðastliðinn 10 ár. Í 1. bekk byrjaði hann á Blokkflautu en síðan valdi hann Túbu sem var á þeim tíma stærra hljóðfæri en Engilbert sjálfur. Fyrstu árin spilaði hann í Skólahljómsveit Seltjarnarnes undir stjórn Kára Húnfjörðs. Frá árinu 2017 til 2019 hefur Engilbert spilað með Skólahljómsveit Austurbæjar og er enn þar. Engilbert stefnir á framhaldsnám í Túbu.



**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Þórsmörk.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Góðan húmor og heiðarleika.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Felix Kjellberg (PewDiePie) eða Roger Clark (leikur Arthur Morgan í Red Dead Redemption 2).

**Uppáhalds vefsíða?** Youtube.com

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Nýjasta og besta skjá kortið á markaðnum.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?**

Ég myndi bjóða vinum mínum og fjölskyldu í utanlandsferð. Síðan myndi ég spara restina.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?**

Ég myndi bjóða öllum Pepsi og Pringles og halda góða tónleika á Eiðistorgi með Lúðrasveit Reykjavíkur.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Ég stefni að því að ljúka háskólanámi.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?** Ég fer með Skólahljómsveit Austurbæjar í utanlandsferð til Króatíu og Slóveníu. Ég framlengið síðan ferðina mína og var eftir ásamt fjölskyldu minni og við skoðuðum Feneyjar áður en við fórum aftur til Íslands.

**Fullt nafn?** Engilbert Sigurðsson.

**Fæðingardagur og ár?** 3. mars 2002.

**Starf?** Nemi við MH.

**Farartæki?** Strætó.

**Helstu kostir?** Góður Túbuleikari og heiðarlegur.

**Eftirlætis matur?** Lamba Fille með meðlæti og góður hamburgari öðru hverju.

**Eftirlætis tónlist?** Queen, Gorillaz og Duran Duran.

**Eftirlætis íþróttamaður?** Ég á mér engan uppáhalds íþróttamann, en ef ég þyrfti að nefna einn þá væri það LeBron James.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Rick & Morty og Bojack Horseman.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Lærlingur djöfulsins.

**Uppáhalds leikari?** Robert Downey Junior, Josh Brolin og Justin Roiland.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Venom (2018).

**Hvað gerir þú í frístundum þínum?**

Ég hitti vini mína, annars slappa ég af heima hjá mér með tölvuleikjaspili þegar ég hef tíma. Einnig hef ég gaman af því að ferðast og upplifa nýja hluti.



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

### Opunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

# BYKO

# Velkomin á Granda



Birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18. desember eða á meðan birgðir endast.

# 25-50% afsláttur af allri jólavöru



## 125 Jólagjafahugmyndir

### Skoðu jólagjafahandbókina á byko.is

Frábær jólagjöf

Tilboðsverð

Snjópota  
Bobsled

**8.246**

46216263

Almennt verð: 10.995

Öll leikföng  
**25%**  
afsláttur



Tilboðsverð

Rafmagns-  
hlaupahjól

XZ1200.

**34.995**

41036746

Almennt verð: 39.995

Tilboðsverð

Junior peysa

Þægilega og hlý  
hettupeysa.

**7.496**

93445050-53

Almennt verð: 9.995



Tilboðsverð

Junior buxur

Sérhannaðar vinnubuxur  
fyrir börn.

**8.996**

93445040-47

Almennt verð: 11.995



Tilboðsverð

Pottasett

Gourmet 5 stykki.

**11.996**

41114683

Almennt verð: 15.995

Pottar- &  
pönnur  
**25%**  
afsláttur

Rafmagns-  
hlaupahjól

Mi Electric Scooter.  
Svart eða hvítt.

**68.995**

49620296/7



**BOSCH**

Tilboðsverð

Rafhlöu-  
skrúfjárn

IXO VI 3,6V.

**8.796**

748640056/7

Almennt verð: 10.995

Rafmagns-  
verkfæri  
**20%**  
afsláttur

## Reykskynjarar og slökkvitæki í miklu úrvali



### Þú færð eldiviðinn hjá okkur



# BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!